

# Jólasöngsamvera 13. des 2023

## Jóla-söng-stuð í Stóru-Vogaskóla !



Sum með gítargrip  
(notes pages)  
ÞÖÁ tók saman


# Jólin koma

W.B.Brandbury / Jóhannes úr Kötlum **D** eða **C**

Bráðum koma blessuð jólin  
börnin fara að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallegt  
í það minnsta kerti og spil.



Hvað það verður veit nú enginn,  
vandi er um slíkt að spá.  
En eitt er víst að alltaf verður  
ákaflega gaman þá.



# Bráðum koma jólin

*Franskt þjóðlag / Friðrik Guðni Þórleifsson*    **A** eða **C**

Skín í rauðar skotthúfur  
skuggalangan daginn,  
jólasveinar sækja að  
sjást um allan bæinn.

Ljúf í geði leika sér  
lítil börn í desember,  
inn í frið og ró, út í frost og snjó  
því að brátt koma björtu jólin,  
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp  
eru jólapakkar,  
titra öll af tilhlökkun  
tindilfættir krakkar.

Komi jólakötturinn  
kemst hann ekki í bæinn inn,  
inn í frið og ró, út í frost og snjó,  
því að brátt koma björtu jólin,  
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,  
stafa geislum björtum.  
Norðurljósin loga skær  
leika á himni svörtum.  
Jólahátíð höldum vér  
hýr og glöð í desember  
þó að feyki snjó þá í friði og ró  
við höldum heilög jólin  
heilög blessuð jólin.

# Bjart er yfir Betlehem

*Ingólfur Jónsson / Enskt lag* **E**

Bjart er yfir Betlehem  
blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín,  
stjarna allra barna.

Var hún áður vitringum  
vegaljósið skæra.

Barn í jötu borið var,  
barnið ljúfa kæra.

## Bjart er yfir.... 2

Víðá höfðu vitringar  
vegi kannað hljóðir  
fundið sínum ferðum á  
fjöldamargar þjóðir.

Barst þeim allt frá Betlehem  
birtan undur skæra.  
Barn í jötu borið var,  
barnið ljúfa kæra.

## Bjart er yfir ... 3

Barni gjafir báru þeir.  
Blítt þá englar sungu.  
Lausnaranum lýstu þeir,  
lofgjörð drottni sungu.  
Bjart er yfir Betlehem  
blikar jólastjarna,  
Stjarnan mín og stjarnan þín  
stjarna allra barna.



# 13 dagar jóla

D-dúr Texti: Hinrik Bjarnason

**1.** Á jóladaginn **fyrsta** hann  
Jónas færði mér  
**einn talandi páfugl á grein**

**2.** Á jóladaginn **annan** hann  
Jónas færði mér  
**tvær dúfur til, og**  
**einn talandi páfugl á grein**

**3.** Á jóladaginn **þriðja** hann  
Jónas færði mér  
**þrjú spök hænsn,**  
tvær dúfur til, og  
einn talandi páfugl á grein

**4.** Á jóladaginn **fjórða** hann  
Jónas færði mér  
**fjögur nautin feit,**

þrjú spök hænsn,  
tvær dúfur til, og  
einn talandi páfugl á grein

**5.** Á jóladaginn **fimmta** hann  
Jónas færði mér  
**fimmfaldan hring!**

**fjögur nautin feit**  
**þrjú spök hænsn o.s.frv.**

# 13 dagar jóla 2

**6.** Á jóladaginn sjötta hann Jónas færði mér **sex þýða presti, .....**

**7.** Á jóladaginn sjöunda hann Jónas færði mér **sjö hvíta svani, ....**

**8.** Á jóladaginn áttunda hann Jónas færði mér **átta kýr með klöfum, ..**

**9.** Á jóladaginn níunda hann Jónas færði mér **níu skip í naustum,**

**10.** Á jóladaginn tíunda ... **tíu hús á torgi, níu ...**

**11.** Á jóladaginn ellefta ... hann Jónas færði mér **ellefu hallir álfa, tíu ...**

**12.** Á jóladaginn tólfta ... **tólf lindir tærar,**

**13.** Á jóladaginn þrettánda hann Jónas færði mér **þrettán hesta þæga, tólf lindir tærar ellefu ..... á grein.**

# Meiri snjó

C-dúr

*Jule Styne / Sammy Dahn þýð. Ólafur Gaukur*

Er lægst er á lofti sólin,  
þá loksins koma jólin.  
Við fögnum í friði og ró,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakka-kórinn,  
er kemur jólasnjórinn.  
Og æskan fær aldrei nóg,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

## Meiri snjó, framhald

::: Það er barnanna besta stund,  
þegar byrjar að snjóa á grund  
Úti á flötinni fæðist hratt,  
feikna snjókall með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólin,  
því bráðum koma jólin.  
Þau fagna í friði og ró,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.  
Þau fagna í friði og ró,  
meiri snjó, - - meiri snjó - -meiri snjó. :::

# Það á að gefa börnum brauð

1. Íslenskt þjóðlag 2. Jórunn Viðar / Gömul þula

C D E

- Það á að gefa börnum brauð  
að bíta í á jólunum,  
kertaljós og klæðin rauð,  
svo komist þau úr bólunum,  
::: væna flís af feitum sauð,  
sem fjalla gekk á hólunum.  
Nú er hún gamla Grýla dauð,  
gafst hún upp á rólunum :::



# Skreytum hús C

*(Elsa E. Guðjónsson 1953/ Jólagag frá Wales)*

Skreytum hús með greinum grænum,

tra la la la la la la la.

Gleði ríkja skal í bænum,

tra la la la la la la la.

Tendrum senn á trénu bjarta,

tra la la la la la la la.

Tendrum jól í hverju hjarta

tra la la la la la la la.

## Skreytum hús... framhald

Ungir, gamlir - allir syngja:

Tra la la la la la la la.

Engar sorgir hugann þyngja,

tra la la la la la la la.

Jólabjöllur blíðar kalla,

tra la la la la la la la.

boða frið um veröld alla,

tra la la la la la la la!

# Hjálpsamur jólasveinn

Í skóginum stóð kofi einn... **D** (C)

*Hrefna Tynes / erlent lag*

Í skóginum stóð kofi einn,  
sat við gluggann jólasveinn  
þá kom lítið héraskinn,  
Sem vildi komast inn:

“Jólasveinn ég treysti' á þig  
því veiðimaður skýtur mig.”

“Komdu litla héraskinn,  
því ég er vinur þinn.”



## Í skóginum stóð ..... framhald

En veiðimaður kofann fann  
jólasveininn spurði hann

“Hefur þú séð héraskinn  
hlaupa’ um hagann þinn?”

“Hér er ekkert héraskott.  
Hypja þú þig héðan brott.”

Veiðimaður burtu gekk,  
og engan héra fékk.

# Jólasveinninn minn C-dúr

Lag: Gene Autry & Oakley Haldeman.

Ljóð: Ómar Ragnarsson

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn

ætla að koma í dag

með poka af gjöfum og segja sögur

og syngja jólalag.

Það verður gaman þegar hann kemur,

þá svo hátíðlegt er.

Jólasveinninn minn, káti karlinn minn

kemur með jólin með sér.

**Framhald→**

## Jólasveinninn minn bls.2

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn  
ætla að koma í kvöld.

Ofan af fjöllum með ærslum og köllum  
hann arkar um holtin köld.

Hann er svo góður og blíður við börnin,  
bæði fátæk og rík.

Enginn lendir í jólakettinum,  
allir fá nýja flík.

Framhald →

# Jólasveinninn kemur í kvöld A (C)

Texti: Hinrik Bjarnason

- Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,  
ekki nein köll því áðan barst frétt:  
Jólasveinninn kemur í kvöld!

- Hann arkar um sveit og arkar í borg  
og kynja margt veit um kæti og sorg.  
Jólasveinninn kemur í kvöld!

–

Framhald

## Jólasveinninn kemur ... 2

- Hann sér þig er þú sefur,  
hann sér þig vöku í.  
og góðum börnum gefur hann  
svo gjafir, veistu' af því.
- Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,  
ekki nein köll því áðan barst frétt:  
Jólasveinninn kemur í kvöld!

# Snjókorn falla

Erlent lag. Texti eftir Ladda **D** (c)

- Snjókorn falla á allt og alla.  
Börnin leika og skemmta sér.  
Nú er árstíð kærleika og friðar,  
komið er að jólastund.
- Vinir hittast og halda veislur  
borða saman jólamat,  
gefa gjafir - fagna sigri ljóssins,  
syngja saman jólalag.
- Á jólaball við höldum í kvöld  
ég æt'l'a' kyssa þig undir mistilteini í kvöld  
við kertaljóssins log.

# Snjókorn falla framhald

- Götur ljóma - söngvar óma  
gömlu lögin syngjum hátt  
bara'ef jólin væru aðeins lengri  
en hve gaman væri þá.
- Plötur hljóma - söngvar óma  
gömlu lögin syngjum hátt  
bar' ef jólin væru aðeins lengri  
en hve gaman væri þá.  
  
en hve gaman væri þá,  
en hve gaman væri þá.
- 1. - og 2. vers endurtekin

# Á jólunum er gleði og gaman

*Friðrik Guðni / Spænskt þjóðlag E -moll*

:::Á jólunum er gleði og gaman  
fúm, fúm, fúm :::  
:::Þá koma allir krakkar með  
í kringum jólatréð.  
Þá mun ríkja gleði og gaman,  
allir hlæja og syngja saman  
fúm, fúm, fúm!:::



Á jólunum er gleði og gaman 2

:::Og jólasveinn með sekk á baki  
fúm, fúm, fúm :::

:::Hann gægist inn um gættina  
á góðu krakkana

Þá mun ríkja gleði og gaman,  
allir hlæja og syngja saman  
fúm, fúm, fúm! :::

Á jólunum er gleði og gaman 3

:::Á jólunum er gleði og gaman  
fúm, fúm, fúm :::

::: Þá klingja allar klukkur við  
og kalla á gleði og frið.

Þá mun ríkja gleði og gaman,  
allir hlæja og syngja saman  
fúm, fúm, fúm! :::

# Fimm mínútur í jól

D-dúr

Lagið Petit Garçon eftir R.Miller / G.Allwright, sem Nana Mouskouri syngur.  
Margrét Pála Ólafsdóttir gerði íslenska textann.

- Er brúða eða bíll, bók eða lest,  
þekkir einhver hér þennan jólagest  
sem læðist um með sekk lætur oní skó,  
meðan lítil börnin sofa vært í ró.
- Hvíldu höfuð hljótt.  
Hlustaðu það kemur senn jólanótt.  
Úti er snjór, úti er kalt,  
úti hljóma jólabjöllur yfir allt.
- Er brúða eða bíll ....

# Hátíð í bæ

Bernhard / Ólafur Gaukur

C -dúr

Ljósadýrð loftin gyllir  
lítið hús yndi fyllir  
og hugurinn heimleiðis leitar því æ  
man ég þá er hátíð var í bæ.

Ungan dreng ljósin laða  
litla snót geislum baðar  
Ég man það svo lengi sem lifað ég fæ  
lífið þá er hátíð var í bæ.

## Hátíð í bæ 2

Hann fékk bók, en hún fékk nál og tvinna,  
hönd í hönd þau leiddust kát og rjóð.  
Sælli börn sjaldgæft er að finna  
ég syng um þau mitt allra besta ljóð.

Söngur dvín svefninn hvetur,  
systkin tvö geta ei betur  
er sofna hjá mömmu, ég man þetta æ  
man það þá er hátíð var í bæ.